



Umsögn um Þingskjal 362 – 322. mál. á 151. löggjafarþingi, frumvarp um opinberan stuðning við nýsköpun.

Vísað er til tölvupósts frá Atvinnuveganefnd Alþingis 27. nóvember sl. þar sem umsagnar var óskað um ofangreint mál. Matís hefur lesið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við efni þess.

Matís fagnar þeim markmiðum sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins varðandi áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Þessi markmið falla áherslum og framtíðarsýn Matís.

Hér fyrir neðan eru sértækar athugasemdir sem Matís vill koma á framfæri

1.gr og 6.gr: Markmið laganna

„Markmið laga þessara er að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Markmið laganna er einnig að skýra ábyrgð, einfalda verklag og forgangsraða opinberum stuðningi og þjónustu við atvinnulífið.“

Mikilvægt að okkar mati að einkahlutafélag, sem starfar í nýsköpun hér á landi, sé með sterk tengsl við þá aðila sem nefndir eru í markmiðum laganna. Hins vegar er engan veginn ljóst með hvaða hætti þessi tengslverði ræktuð. Ekkier minnst á atvinnulíf fyrr en í greinagerð laganna.

Í Kafla 3.1 í greinagerðinni kemur eftirfarandi fram:

Með stjórn félagsins munu fara fulltrúar háskólasamfélagsins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Lögð verður áhersla á að félagið geti þjónað bæði sjálfstæðum frumkvöðlum og rannsóknarstarfsemi allra háskóla á landinu

Eitt markmið þessara laga er að tryggja aðkomu háskólasamfélagsins að hlutafélaginu en aðkoma annara hagaðila er ekki skýr.

Tillaga Matís: Helstu hagaðilar fá að tilnefna fulltrúa í stjórn tæknisetursins, sem til stendur að stofna með þessum lögum.



Verkefnasjóður um nýsköpun

Í 1.kafla greinagerðarinnar er eftirfarandi málsgrein:

Settur verður á fót verkefnasjóður um nýsköpun á landsbyggðinni. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýsköpunarverkefni í samvinnu við landshlutasamtök, atvinnulíf og þekkingarsamfélög á viðkomandi svæðum og auka þannig slagkraft nýsköpunarverkefna sem studd eru af byggðaáætlun, sóknaráætlunum landshlutanna og öðrum áhersluverkefnum svæðanna.

Matís telur að slíkur verkefnasjóður, sem lýst er í 1. kafla með fylgjandi greinagerðar, sé mjög mikilvægur og muni styrkja lögbundna starfsemi fyrirhugaðstæknisetur. Því er mjög mikilvægt að hann verði settur á laggirnar sem allra fyrst. Hins vegar er það mat Matís að þessi lög setji engar kvaðir á Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið að stofna slíkan sjóð. Matís leggur til að lögum verði breytt á þann hátt að stofnun sjóðsins yrði beintengd virkjun þessara laga.

Varðandi bráðbirgðaákvæði IV

Bráðabirgðarákvæði IV vísar m.a. í verkefni og tækis tengd líftækni. Rétt er að benda á að rannsóknir, þjónusta og innviðir er tengjast líftæknirannsóknnum og nýsköpun innan líftæknigeirans hafa verið byggðir upp hjá Matís og Háskóla Íslands. Við uppbyggingu Tækniseturs ber að gæta að ekki sé verið að byggja upp sambærilega aðstöðu og sérfræðiþekkingu og er þegar til staðar.



Oddur Már Gunnarsson,
Forstjóri Matís
oddur@matis.is

